

Nd.

63. Frumvarp til laga

[59. mál]

um félagsmálaskóla launþegasamtakanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli launþegasamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslensk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuforni. Enn fremur bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknnum. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Fyrirlestrar skulu haldnir m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðfræði, hagræðingarmál, vöruvöndun, endurhæfingu starfsmanna og kjararannsóknir. Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í samtökum launþega.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu tveir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, einn af Farmanna- og

fiskimannasambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en félagsmálaráðherra tilnefnið hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Það sér skólanum enn fremur fyrir húsnæði.

Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1975—76.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1971—72, en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt lítið breytt. Með frv. fylgdi þá þessi grg. m. m.:

Frv. þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar frá 1960, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Ný ákvæði eru nú í 2. gr. varðandi námsefni, m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, vöruvöndun, kjararannsóknir og endurhæfingu starfsmanna, sem af ýmsum ástæðum þurfa að skipta um lífsstarf. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félagi hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eftt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó miklu stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félags- samtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðarinnar.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasant verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, trygginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því viðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með slauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaðandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið herra en verið hefur, sem sé að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helstu viðgangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið dregið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsgert og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.